

Gerðar voru athugasemdir við

1. að götummynd og yfirbragð byggðar breytist til hins verra
2. að húsin séu alltof stór og of há miðað við götummyndina austan við
3. að 32 íbúða hús hafi neikvæð áhrif á umhverfi friðlýsta svæðisins, þrengi að náttúrunni og skyggi á útsýni frá friðlýsta svæðinu út á haf
4. að breytingar á jaðri friðlýsta svæðisins séu ekki við hæfi
5. að byggja eigi fjölbýlishús inn í miðju friðlýstu svæði
6. að aukinn íbúafjöldi valdi aukinni umferð um hraunið sem þoli illa slíkt álag
7. að ekki sé fylgt markmiðum sem voru sett í deiliskipulagi fyrir rúmum áratug
8. að gatan beri ekki meiri umferð, umferðaniður aukist og slyshætta vaxi
9. að útsýni skerðist frá Klettagötu 17 og að á vorin og síðsumars varpi svona há bygging skugga á pall við húsið
10. að ekki sé sett fram með skýrum hætti hvað núgildandi skipulag kveður á um hvað sé leyfilegt að byggja og í hverju breytingin felist
11. að ekki var haft samráð við íbúa og hagsmunaaðila við vinnslu tillögun
12. að íbúar þurfi síendurtekið að mótmæla beytingum á sama stað
13. að óeðlilegt sé farið sé aftur fram með tillögu að deiliskipulagsbreytingu gegn vilja íbúanna á stað þar sem Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felldi breytingartillögu úr gildi árið 2009 sem hafði verið samþykkt í bæjarstjórn árið 2006
14. að Mannverk auglýsi að það hyggist byggja fjölbýlishús á lóðinni áður en frestur til athugasemda var runninn út

Svar við lið 1-3:

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er lögð áhersla á þéttingu byggðar. Lóðirnar við Herjólfsgötu 30-34 eru kjörið þéttingarsvæði sem gefur fleiri íbúum kost á að njóta þeirra umhverfislegu gæða sem staðurinn býr yfir. Auglýst tillaga að skipulagsbreytingu gerir ráð fyrir nýbyggingum sem taka mið af íbúðarhúsum við Herjólfsgötu 36-40 sem voru byggð 2005. Mat á því hvenær byggnig er of stór miðað við umhverfi sitt er huglægt og breytingar á nánasta umhverfi vekja alltaf blendnar tilfinningar.

Svar við lið 4.-6:

Lóðirnar eru við jaðar friðlýsta svæðisins og skal þess gætt að því verði ekki raskað á byggingartímanum.

Treysta ber því að menn gangi vel um friðlýst svæði, einkanlega sitt nánasta umhverfi.

Svar við lið 7:

Meðal markmiða gildandi deiliskipulags var að nýta og gera heilsteyptara svæði innan deiliskipulagsmarkanna, viðhalda byggðamynstri eldri byggðar á svæðinu og gæta þess að nýbyggingar falli vel að umhverfi sínu. Tillagan gerir ráð fyrir að fella húsin að húsum við Herjólfsgötu 36-40. Leitast er við að fylgja markmiðum deiliskipulags ársins 2001 með því að langhliðar húsana eru ekki í sama fleti og hver eining innan þeirra hefur svipað þakform og eldri hús við götuna.

Svar við lið 8:

Umferð um Herjólfsgötu mun aukast til og frá miðbænum en gera má ráð fyrir hún dreifist þannig að verulegur hluti hennar fari um Herjólfstraup.

Svar við lið 9:

Fjarlægð frá nýbyggingu að húsum við Klettagötu er yfir 100 m og því ekki um skuggavarp að ræða.

Svar við lið 10:

Auk upplýsinga á lögboðnum uppdrætti var bent á í aulýsingu um deiliskipulagsbreytinguna að nánari upplýsingar væru veittar á skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar. Gildandi skipulag og greinargerð er og var á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Svar við lið 11- 13:

Fyrri breyting á deiliskipulagi sem Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felldi úr gildi 2009 var felld úr gildi vegna formgalla. Þegar bæjarstjórn samþykkti þá tillögu hafði verið tekið tillit til athugsemda íbúa. Þessi tillaga gerir það enn frekar þar sem formi húsa hefur verið breytt þannig að þau falli betur að núverandi byggð og eru færð enn lengra frá kletti við Herjólfsgötu. Vilji bæjaryfirvalda stendur til að byggja fjölbýlishús á lóðunum og er vandséð þannig niðurstaða fáiast að öllum líki.

Svar við lið 14:

Fyrirtækjum er heimilt að auglýsa á heimasíðum sínum án afskipta Hafnarfjarðarbæjar.